

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Launafl ehf., kt. 490606-1730

Starfsstöð: Blómsturvellir 1,
740 Neskaupstaður

Fastanúmer: 155336

Ábyrgðarmaður: Ingvar Guðmundsson kt. 220276-4819

Gildistími: frá 28. júlí 2021 til 28. júlí 2022

Um er að ræða leyfi fyrir niðurrifi á asbesti

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda, almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi (fylgiskjal 1) og starfsleyfisskilyrðum fyrir niðurrif húsa og annarra mannvirkja (fylgiskjal 2) sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á starfsemi eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal vera aðgengilegt starfsmönnum á starfsstöðinni.

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt skv. ákvæðum ofangreindra laga.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands,



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

28. júlí 2021

Launafl ehf.
Hraun 3
730 Reyðarfjörður

Varðar útgáfu starfsleyfis fyrir niðurrif á asbesti

Undirrituð hefur f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands afgreitt umsókn þín dags 28. maí sl. Umbeðið starfsleyfi vegna niðurrifs á asbesti á Blómsturvöllum 1 í Neskaupstað er meðfylgjandi.

Innan mánaðar frá verklokum skal senda HAUST upplýsingar um gerð, magn og lokaáfangastað byggingarúrgangs ásamt kvittunum fyrir móttöku byggingarúrgangs.

Starfsleyfisgjald er 19.400 kr. vegna tímabundins leyfis samkvæmt gjaldskrá HAUST nr. 22/2020 m.s.br. Reikningur í samræmi við það verður sendur á næstunni.

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis, fylgigagna eða þessa bréfs, sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnáslögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingafyllst



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br.

Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

- 1.1. Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.
- 1.2. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.3. Í starfsleyfi eru skráð sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.
- 1.4. Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt
- 1.5. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
- 1.6. Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.7. Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

- 2.1. Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.
- 2.2. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.
- 2.3. Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.
- 2.4. Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
- 2.5. Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.

3. MENGUNARVARNIR

- 3.1. Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 3.2. Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar
- 3.3. Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.
- 3.4. Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.
- 3.5. Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.6. Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.
- 3.7. Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins
- 3.8. Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.9. Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári.

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

- 4.1. Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- 4.2. Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
- 4.3. Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
- 4.4. Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt

til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.

- 4.5. Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.
- 4.6. Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.
- 4.7. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.

5. EFTIRLIT

- 5.1. Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Starfsleyfis skilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.



Starfsleyfisskilyrði fyrir niðurrif húsa og annarra mannvirkja

1. Gildissvið:

- 1.1. Leyfið tekur til allra verkþátta við niðurrif þess húss eða mannvirkis sem um getur í starfsleyfi, þ.e. framkvæmd og meðhöndlun á byggingarúrgangi og flutningi á honum til endurvinnslu eða förgunar.

2. Athafnasvæði:

- 2.1. Athafnasvæðið nær til þess svæðis sem afmarkað er af lóðarmörkum þess mannvirkis sem rífa skal, afmarkaðan skipulagsreit eða áhrifasvæðis mannvirkisins.
- 2.2. Starfsleyfishafi skal með girðingum eða öðrum sambærilegum hætti tryggja að engin slysaætta stafi frá starfseminni á framkvæmdatímanum. Haft skal samráð við lögreglu ef færa þarf athafnasvæði út á götu eða loka götu vegna framkvæmdarinnar.

3. Endurnotkun, endurnýting og förgun á byggingaúrgangi:

- 3.1. Í samræmi við ákvæði III kafla reglugerðar 737/2003 er leyfishafa heimilt að flytja burt hús, burðarvirki, klæðningar eða aðra húshluti til endurnýtingar annars staðar og einnig að flytja timbur, járn og annað nýtanlegt, sem fellur til við framkvæmdina, til viðurkenndra endurvinnsluaðila enda hafi leyfishafa ekki verið gert að skilja það eftir samkvæmt ákvörðun verkkaupa.
- 3.2. Leyfishafi skal fjarlægja drasl og lausamuni af lóð og úr húsum og koma í förgun áður en til niðurrifs kemur.
- 3.3. Annar úrgangur sem til verður við niðurrifið skal fluttur á brott í viðurkennda förgun. Leitast skal við að skila úrgangi til förgunar með þeim hætti að hann falli sem best að endurvinnsluleiðum móttökuaðila. Öll brennsla og urðun á úrgangi á lóð er bönnuð.

4. Spilliefni:

- 4.1. Ef olútankar eru á svæðinu skal fjarlægja þá áður en annað er rifið.
- 4.2. Leyfishafi skal áður en niðurrif hefst leita skipulega að og fjarlægja öll spilliefni sem kunna að vera á svæðinu og koma þeim til förgunar á viðurkenndan máta. Verði vart við spilliefni eftir að framkvæmdir hefjast skulu þær stöðvaðar á þeim stað á meðan gripið er til viðeigandi aðgerða og spilliefnum skilað til viðurkenndrar móttöku í samráði við heilbrigðiseftirlit og fulltrúa verkkaupa. Olíumengaður jarðvegur flokkast sem spilliefni og ber að meðhöndla sem slíkan
- 4.3. Ekki skal nota bifreiðar eða þungavinnutæki við framkvæmdina sem leka olíum eða vökva. Verði vart við slíkan leka skal viðkomandi tæki flutt til viðgerðar og lekaskoðunar.

5. Asbest

- 5.1. Framkvæmdaaðili sem vinnur með asbest skal hafa tilskilin réttindi til meðhöndlunar á asbesti frá Vinnueftirlitinu.
- 5.2. Asbest skal ávallt rífa handvirkt og gæta fyllstu varúðar við alla meðhöndlun þess. Áhersla skal lögð á að rykbinda byggingahluta sem innihalda asbest með því að úða þá með vatni.
- 5.3. Heilbrigðiseftirlit Austurlands áskilur sér heimild til að krefjast þess fyrir niðurrif asbests í innirými að svæðið skuli lokað af með þéttu efni þannig að undirprýstingur hindri dreifingu á asbesti út fyrir niðurrifssvæðið/vinnusvæðið. Aðgangur að svæðinu skal þá vera í gegnum sérstakan loftræstan gang.
- 5.4. Lágmarka skal rykmyndun við niðurrif steypu, múrs, asbest o.þ.h. á framkvæmdasvæðinu öllu svo og við brottflutning úrgangs eftir því sem við á, m.a. með skolun hjólbarða vöruflutningabifreiða í hvert sinn sem framkvæmdasvæði er yfirgefið.
- 5.5. Öllum spilliefnum, s.s. asbest, PCB, þungmálmum, kvikasilfri, olíum o.fl., skal halda aðskildum frá öðrum úrgangsefnum, s.s. múrbroti, timbri, járn, plasti o.þ.h.
- 5.6. Asbest og úrgangi sem inniheldur asbest skal pakkað í þéttar umbúðir og flytja á förgunarstað í þéttum, lokuðum og merktum ílátum.

6. Lagnir og meindýraeyðing:

- 6.1. Leyfishafa ber að tryggja í samvinnu við viðkomandi veitustofnanir að rétt sé staðið að aftenginu lagna (kalt og heitt vatn, fráveitulagnir, rafmagn og síma). Verði vart við rottur á og í námunda við athafnasvæðið skal leyfishafi kalla til viðurkenndan meindýraeyði.
- 6.2. Þar sem um stakar byggingar eða mannvirki er að ræða skal fjarlægja hvers konar lagnir af og úr jörðu og telst það vera hluti af niðurrifi.

7. Varnir gegn slysum og mengun:

- 7.1. Starfsleyfishafi skal tryggja að engin slyshætta fyrir utanaðkomandi eða hætta á umhverfismengun stafi frá starfseminni á framkvæmdatímanum. Gildir það jafnt um hugsanlegt fok, hrun húshluta og byggingaleifa ásamt aðgengi óviðkomandi að vinnusvæðinu. Svæðið skal girt traustri og heldri girðingu í samræmi við kröfur byggingareftirlits og svæðið vaktað þegar þörf þykir.
- 7.2. Hafa skal mið af veðri og veðurspám við skipulag verkþátta og ganga þannig frá vinnusvæði í lok hvers vinnudags að ekki stafi fokhætta frá svæðinu þó veðurlag breytist. Verði fok frá vinnusvæði skal leyfishafi annast hreinsun.
- 7.3. Leyfishafi skal grípa til allra tiltækra ráða til að lágmarka rykmengun frá athafnasvæði sínu.
- 7.4. Leyfishafi skal leitast við að draga sem mest úr umhverfishávaða við niðurrif húsanna.

8. Upplýsingaskylda:

- 8.1. Starfsleyfishafi skal kalla til heilbrigðiseftirlit finnist spilliefni sem ekki var gert ráð fyrir á svæðinu, ef vart verður við áður óþekkt mengun s.s. í jarðvegi, ef óvissa er um förgunarleiðir fyrir úrgang s.s. er varðar rafbúnað eða ef önnur ófyrirséð vandamál er tengjast framkvæmd starfsleyfis koma upp.

9. Úttektir og eftirlit:

- 9.1. Með að lágmarki 3ja daga fyrirvara ber að kalla Heilbrigðiseftirlit til úttekta á svæði þar sem niðurrif mannvirkja hefur farið fram. Úttekt er á kostnað starfsleyfishafa.
- 9.2. Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt vera tiltæk á vinnustað.
- 9.3. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðlega áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Reglugerðir sem um starfsemina gilda, listinn er ekki tæmandi:

- [Reglugerð nr. 550/2018](#) um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit
- [Reglugerð nr. 737/2003](#) um meðhöndlun úrgangs
- [Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti](#)

Starfsleyfisskilyrði fyrir niðurrif mannvirkja unnið að fyrirmynd frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar. Staðfært og endurskoðað í september 2007 og samþykkt á fundi Heilbrigðisnefndar Austurlands 26.9.2007. Samþykkt á fundi Heilbrigðisnefndar Austurlands 9.4.2008, Uppfærð með t.t. nýrra reglugerða 2019.